

## AFKOMA Á FYRSTU 9 MÁNUÐUM ÁRSINS 2015 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

### 9M 2015

- Hagnaður bankans eftir skatta var 16,7 ma. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 2015 samanborið við 18,2 ma. kr. á sama tímabili 2014 en þá voru tekjur af einskiptisliðum umfangsmeiri.
- Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 11,9 ma. kr. samanborið við 11,4 ma. kr. á sama tíma 2014.
- Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 14% eiginfjárlutfall A var 13,0% samanborið við 13,1% á sama tímabili 2014.
- Hreinar vaxtatekjur voru 21,0 ma. kr. (9M14: 20,6 ma. kr.). Vaxtamunur var 2,9% (9M14: 3,1%).
- Hreinar þóknatekjur voru 9,9 ma. kr. (9M14: 8,5 ma. kr.) eða 16,6% aukning milli ára.
- Kostnaðarlutfall var 56,3% (9M14: 56,1%). Bankaskattur og einskiptiskostnaður er undanskilinn við útreikning kostnaðarlutfalls.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 4% frá áramótum í takt við hagvöxt. Útlánaaukningin dreifist vel á mismunandi viðskiptaæiningar bankans.
- Heildareignir voru 1.004 ma. kr. (júní15: 976ma. kr.).
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 10% milli ára og voru 581 ma. kr. í lok tímabilsins.
- Tvær skuldabréfaútgáfur í erlendri mynt á fjórðungnum, EUR 100 m. og SEK 150 m.
- Eiginfjárlutfallið var áfram hátt eða 29,2% (júní15: 28,3%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 26,9% (júní15: 25,8%).
- Lausafjárstaða bankans er sterk og er umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Vogunarlutfall var 18,3% við lok tímabilsins, sem telst hóflegt.
- Hlutfall lána með varúðarafskrift og lána með vanskil umfram 90 daga var 2,4% (júní15: 2,7%).
- S&P og Fitch færðu lánsþæfismat bankans í fjárfestingarflokk með stöðugum horfum í júlí og staðfestu mat sitt í nóvember. Íslandsbanki er eini íslenski bankinn í fjárfestingarflokki hjá báðum þessum matsfyrirtækjum.

### 3F 2015

- Hagnaður bankans eftir skatta var 5,9 ma. kr. á þriðja ársfjórðungi (3F14: 3,5 ma. kr.)
- Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 14% eiginfjárlutfall A var 11,2% á fjórðunginum (3F14: 14,4%)
- Hreinar vaxtatekjur voru 7,5 ma. kr. á þriðja ársfjórðungi (3F14: 7,1 ma. kr.)
- Hreinar þóknatekjur voru 3,5 ma. kr. á 3F15 (3F14: 2,8 ma. kr.) sem er 23,2% aukning.
- Lán til viðskiptavina jukust um 6,6 ma. kr. á fjórðungnum, eða um 1% og voru 660 ma. kr. við lok fjórðungsins.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 14 ma. kr. eða 2,5% á fjórðungnum og voru 581 ma. kr. við lok fjórðungsins.


### Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

„Afkoma Íslandsbanka fyrstu níu mánuði ársins var mjög góð. Við sjáum áframhaldandi fjölbreytni í tekjustoðum bankans og jukust þóknatekjur um 17% milli ára. Á sama tíma hefur vöxtur útlána verið hóflegur. Seðlabanki Íslands hækkaði bindiskylduna í lok september sem dregur úr útlánaþæfismat bankanna, en við vonum að hér sé um tímabundna aðgerð að ræða. Lánsþæfismatsfyrirtækið Standard and Poor's hækkaði bankann í fjárfestingarflokk BBB-/A-3 í júlí og staðfesti nýlega mat sitt eftir að tilkynnt var um aðgerðir tengdum afléttingu hafta.

Á fjórðungnum gaf Íslandsbanki út nýja þjóðhagsspá, en gert er ráð fyrir yfir 4% hagvexti næstu tvö ár. Eins hélt bankinn fjölda funda um fjármál og efnahagsmál sem hafa verið mjög vel sóttir. Við finnum fyrir miklum áhuga á fræðslustarfi bankans og má þá sérstaklega nefna áhuga ungs fólks á fundum um fjárfestingar og sparnað."


#### HAGNAÐUR EFTIR SKATTA

m.kr.




#### ARÐSEMI EIGIN FJÁR

%



#### VAXTAMUNUR

%



#### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:




Fjárfestatengill – Guðbjörg Birna Björnsdóttir, ir@islandsbanki.is og í síma: 844 4752  
Samskiptastjóri – Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is og í síma: 844 4005

**Rekstrarreikningur í milljónum króna**

	9M15	9M14	Δ	3F15	3F14	Δ
Hreinar vaxtatekjur	21.007	20.636	372	7.457	7.068	389
Hreinar þóknatekjur	9.935	8.521	1.414	3.512	2.849	663
Hreinn gengismunur	2.426	965	1.462	387	83	304
Hreinar fjármunatekjur	(1.353)	50	(1.403)	(1.072)	352	(1.424)
Aðrar rekstrartekjur	699	1.613	(914)	158	233	(75)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>32.714</b>	<b>31.785</b>	<b>929</b>	<b>10.442</b>	<b>10.585</b>	<b>(143)</b>
Stjórnunarkostnaður	(17.241)	(16.489)	(752)	(5.310)	(5.231)	(79)
Iðgjald í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(797)	(790)	(6)	(263)	(272)	9
Bankaskattur	(2.060)	(1.879)	(182)	(732)	(664)	(68)
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>(20.099)</b>	<b>(19.159)</b>	<b>(940)</b>	<b>(6.305)</b>	<b>(6.167)</b>	<b>(138)</b>
<b>Hagnaður fyrir virðisrýrnun og virðisbreytingu útlána</b>	<b>12.615</b>	<b>12.626</b>	<b>(11)</b>	<b>4.137</b>	<b>4.418</b>	<b>(281)</b>
Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána	7.726	5.804	1.922	3.418	65	3.353
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>20.341</b>	<b>18.430</b>	<b>1.912</b>	<b>7.555</b>	<b>4.483</b>	<b>3.072</b>
<b>Tekjuskattur</b>	<b>(4.704)</b>	<b>(4.806)</b>	<b>102</b>	<b>(1.784)</b>	<b>(1.255)</b>	<b>(529)</b>
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>15.637</b>	<b>13.624</b>	<b>2.013</b>	<b>5.771</b>	<b>3.228</b>	<b>2.543</b>
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	1.052	4.566	(3.514)	128	307	(179)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>16.689</b>	<b>18.190</b>	<b>(1.501)</b>	<b>5.899</b>	<b>3.535</b>	<b>2.364</b>

**Rekstrarreikningur**

- 95% af rekstrartekjum bankans á fyrstu níu mánuðum ársins er í formi vaxta- og þóknatekna, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og það markmið að skapa stöðugt sjóðstreymi til langs tíma.
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall hreinna vaxtatekna af meðalstöðu heildareigna var 2,9% á fyrstu 9 mánuðum 2015 (3F15: 3.0%) samanborið við 3,1 % á sama tíma 2014 (3F14: 3,1%). Gera má ráð fyrir að vaxtamunur verði um 3,0%.
- Verðtryggingarjöfnuður var 32,6 ma. kr. í lok september 2015 (júní 15: 40,3 ma. kr.). Honum er stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og bundnum verðtryggðum innlánunum.
- Virðisrýrnun útlána var 1,3 ma. kr. og bakfærð virðisrýrnun vegna breytinga á væntu sjóðstreymi var 9,0 ma. kr. fyrstu 9 mánuði ársins. Virðisrýrnun og virðisbreyting útlána var því jákvæð um 7,7 ma. kr. yfir tímabilið.

**HREINAR VAXTATEKJUR**  
m.kr.

**HREINAR ÞÓKNATEKJUR**  
m.kr.

**STJÓRNUNARKOSTNAÐUR**  
m.kr.


Eignir (m. kr.)	30.09.2015	30.06.2015	31.12.2014
Sjóður og innstæður hjá Sí	177.652	126.900	103.389
Afleiðusamningar	2.199	1.581	1.810
Skuldabréf og skuldagerningar	80.053	85.274	87.347
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	9.004	11.041	10.531
Útlán til lánastofnana	35.522	52.139	35.072
Útlán til viðskiptavina	660.308	653.728	634.799
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	648	612	570
Rekstrarfjármunir	7.550	7.600	7.402
Óefnislegar eignir	1.143	1.058	619
Skatteign	22	45	521
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	13.946	15.763	21.649
Aðrar eignir	16.231	20.561	8.140
<b>Eignir</b>	<b>1.004.257</b>	<b>976.257</b>	<b>911.328</b>

## Eignir

- Lán til viðskiptavina jukust um 6,6ma. kr. á 3F2015, eða um 1%. Þrátt fyrir umtalsverðar endurgreiðslur. Frá áramótum hafa útlán vaxið um 4%.
- Lán til fyrirtækja hafa aukist um 5,2% frá áramótum og lán til einstaklinga hafa hækkað um 2,3
- Fasteignir eru nú sem áður mikilvægustu útlánatryggingar bankans. Vegið meðaltal lánshlutfalls húsnæðislána var 69,1% í lok september 2015 (júni15: 68,1%).
- Veðsettar eignir bankans voru 10,14% af heildareignum við lok fjórðungsins.
- Lausafé bankans var 276 ma. kr og er umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Hlutfall lausafjárþekju skv. Basel (LCR) var 156% við lok september


Skuldir og eigið fé (m. Kr.)	30.09.2015	30.06.2015	31.12.2014
Afleiðusamningar og skortstöður	8.472	5.992	3.963
Innlán Sí og lánastofnana	24.208	24.017	25.796
Innlán viðskiptavina	581.095	566.678	529.447
Lántaka	120.957	107.421	96.889
Víkjandi lán	19.717	20.336	21.306
Aðrar skuldir	56.921	64.804	48.440
Eigið fé	192.887	187.009	185.487
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>1.004.257</b>	<b>976.257</b>	<b>911.328</b>

## Skuldir og eigið fé

- Innlán eru áfram stærsti fjármögnunarliður bankans.
- Hlutfall innlána á móti útlánnum var 87,0% (júni15: 83,7%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum til viðskiptavina var 88,0% (júni15: 86,7%).
- Eigið fé bankans hækkaði um 3,1% í samræmi við hagnað.
- Bankinn gaf út 5,54 ma. kr. af verðtryggðum sértryggðum skuldabréfum á fjórðungnum. Alls eru útgefin sértryggð skuldabréf frá desember 2011 nú að verðmæti 52,35 ma. kr.
- Tvær útgáfur í erlendri mynt á fjórðungnum, EUR 100 m. og SEK 150 m., ásamt NOK 500 m. útgáfu í október.


### SKIPTING REKSTRARTEKNA

%



### EIGINFJÁRHUTFÖLL

%



### KOSTNAÐARHLUTFALL

% (án bankaskatts og einskiptiskostnaðar)

